

D ó m s o r ð:

Stefndi Gottskálf Jón Bjarnason greiði stefnanda Byggðarási sf. kr. 290.624,00 með 3,75% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 80.277,00 frá 1. september 1985 til 1. mars 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum af kr. 290.624,00 frá þeim degi til 1. apríl s.á., 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 100.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 241/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Victor Strange og

Harry Þór Hólmgeirssyni

(Sigurður Georgsson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var að ósk ákærðu áfrýjað með stefnu 3. júlí 1987 og jafnframt var málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu og til staðfestingar á upptökuákvæði héraðsdóms.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði Victor Strange greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000,00 krónur, og ákærði Harry Þór Hólmgeirsson málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 10.000,00 krónur, en allan kostnað af áfrýjun málsins greiði ákærðu óskipt, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu, Victor Strange og Harry Þór Hólmgeirsson, greiði hvor um sig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans, 10.000,00 krónur. Allan annan kostnað af áfrýjun sakarinnar greiði ákærðu óskipt, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 27. janúar 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 27. janúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr. við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 438-439/1986: Ákærvaldið gegn Victori Strange og Harry Þór Hólmgeirssyni.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 8. ágúst 1986, á hendur Victori Strange, Mjósundi 1, Hafnarfirði, fæddum þar í bæ 30. okt. 1956, og Harry Þór Hólmgeirssyni, Brekkubyggð 15, Garðakauptstað, fæddum 29. janúar 1958 í Hafnarfirði, fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöfinni:

„fyrir að hafa í nóvember 1985 keypt 570 g af hassi í Amsterdam og flutt það með sér hingað til lands í söluskyni, en efnið áttu þeir að jöfnu. Ákærði Victor annaðist sölu á um 500 g efnisins á um kr. 600 hvert gramm, en 8. mars 1986 lagði lögreglan hald á 56,6 g efnisins á heimili ákærða Victors.”

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. áður 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindu hassi, sem lagt var hald á samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærðu var birt ákæra í málinu þann 10. nóvember sl. Skipaður verjandi ákærðu flutti munnlega vörn í dag og var málið dómtekið eftir það þinghald. Verjandinn gerði eftirfarandi dómkröfur:

Að þeim verði gerð vægasta refsing er lög framast leyfa og þá fjársektir.

Komi til þess að refsivist verði dæmd þá er gerð krafa til að hún verði að öllu leyti eða að hluta skilorðsbundin. Verði dæmd refsivist þá er gerð krafa um frádrátt vegna gæsluvarðhalds fyrir ákærða Harry Þór 4 daga og fyrir ákærða Victor 10 daga. Í öllum tilvikum er gerð krafa um málsvarnarlaun er greiðist úr rikissjóði.

Ákærði Victor gekkst þann 24.7. 1984 undir dómsátt fyrir fíkniefnabrot og ákærði Harry gekkst árið 1979 undir dómsátt vegna fíkniefnabrots. Að öðru leyti þykir sakferill ákærðu ekki skipta máli hér.

Málsatvik.

Ákærði Harry bar við lögregluyfirheyrslu þann 15.3. 1986 um utanför sína og meðákærða Victors í nóvember 1985. Ákærði Harry kvað þá féлага hafa sameiginlega fest kaup á 570 grömmum af hassi í Amsterdam, ákærði Victor hafi flutt hassið hingað til lands og síðan séð um geymslu efnisins og síðar endursölu.

Ákærðu voru samprófaðir þann 18.3. 1986 og báru þá báðir um sameiginleg kaup á 570 grömmum af hassi í Amsterdam í nóvember 1985. Ákærðu kváðust við nefnda sampröfun hafa ákveðið að selja hvert gramm af hassinu á kr. 400,00 og hafi ákærði Harry þannig fengið allan ágóðann eða nálægt kr. 200.000,00. Ákærði Victor kvaðst hins vegar hafa selt hvert gramm efnis á kr. 600,00 og þannig hafi komið um kr. 70-80.000,00 í hans hlut aukalega.

Ákærðu voru báðir yfirheyrðir hér fyrir dómi þann 10. nóvember sl. og staðfestu þá lokaframburði sína undir frumrannsókn málsins og báru báðir fyrir dómi efnislega á sama veg og rakið hefur verið.

Niðurstöður.

Sannað er með framburðum ákærðu, sem studdir eru af öðrum gögnum máls þessa, að ákærðu hafi í nóvember 1985 keypt 570 grömm af hassi í Amsterdam og flutt það með sér hingað til lands í söluskyni, en efnið áttu þeir að jöfnu. Ákærði Victor annaðist sölu á um 500 grömmum efnisins á um kr. 600,00 hvert gramm, en 8. mars 1986 lagði lögreglan hald á 56,6 grömm efnisins á heimili ákærða Victors.

Ákærðu hafa því unnið til refsingar.

Ofangreind háttsemi varðar við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986.

Í máli þessu verður beitt ákvæðum reglugerða er tóku gildi eftir að ákærðu frömdu brot sín, þó að aðgætttri meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu sammæltust um framningu háttsemi þeirrar er hér er ákært út af og verður það virt ákærðu til þyngingar við refsíakvarðanir sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærðu frömdu brot sín með viðskiptasjónarmið í huga og endurseldu um 500 grömm af hassi hér á landi.

Að öllu ofanrituðu virtu þykir refsing ákærðu hvors fyrir sig hæfilega ákveðin sem fangelsi í 60 daga.

Til frádráttar refsivist ákærða Victors komi 10 dagar er hann sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og með vísan til sömu lagagreinar komi 5 dagar til frádráttar dæmdri refsivist ákærða Harrys.

Hvor ákærðu fyrir sig greiði kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101, 1976 og 50. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42, 1985. Greiði ákærðu ekki sektargreiðslurnar innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja þá komi fangelsi í 30 daga í sektar stað.

Fallist er á upptökukröfur ákæruvaldsins sbr. 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og dæmast ákærðu til að þola upptöku á 56,6 grömmum af hassi er lagt var hald á undir rannsókn málsins. Hins vegar eru einungis 28,8 grömm efnisins í vörslum dómsins sbr. efnaskrá nr. 1566, en mismuni efnisins mun hafa verið stolið úr vörslum lögreglu.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þannig að hvor ákærðu greiði skipuðum verjanda, Sigurði Georgssyni hrl., kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun. Ákærði Victor greiði kr. 7.000,00 vegna réttargæslu Friðjóns A. Friðjónssonar hdl., og ákærði Harry greiði kr. 6.924,00 vegna réttargæslu Sigurðar Georgssonar hrl. Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

D ó m s o r ð:

Ákærði Victor Strange, fæddur 30. október 1956, skal sæta fangelsi í 60 daga og komi til frádráttar 10 dagar er ákærði Victor sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins.

Ákærði Victor greiði kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 30 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði Harry Þór Hólmgeirsson, fæddur 29. janúar 1958, skal sæta fangelsi í 60 daga og komi til frádráttar 5 dagar er ákærði Harry sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði Harry greiði kr. 40.000,00 í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 30 daga í sektar stað verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk til ríkissjóðs skulu 56,6 grömm af hassi, en þar af eru nú 28,8 grömm efnisins í vörslum dómsins merkt efnaskrá 1566.

Hvor ákærðu fyrir sig greiði kr. 10.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Sigurðar Georgssonar hrl.

Ákærði Victor greiði auk þess kr. 7.000,00 vegna réttargæslu Friðjóns A. Friðjónssonar hdl. og ákærði Harry kr. 6.924,00 vegna réttargæslu Sigurðar Georgssonar hrl.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Föstudaginn 20. nóvember 1987.

Nr. 311/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Ásgeiri Þór Ásgeirssyni

Kærumál. Gagnaöflun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Með kæru 4. þ.m. hefur ákærði Ásgeir Þór Ásgeirsson skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur í málinu dagsettum þann sama dag. Með úrskurðinum var kröfu ákærða um framhaldsrannsókn hafnað. Ákærði krefst þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að verða við kröfu um frekari rannsókn samkvæmt bréfi verjanda síns 15. október sl.

Kæra úrskurðarins er heimil skv. 9. tl. 172. gr. sbr. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem fram kemur í hinum kærða úrskurði hefur ákærði óskað þess að gefa frekari skýringar við skýrslu sína í málinu með tilliti til nýs gagns sem hann kveður nú hafa fundist. Með vísan til 1. mgr.